

Mosfellsbær

b.t. Skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar

Kjarna við Þverholt

270 Mosfellsbæ

Mosfellsbæ, 1. apríl 2009

Efni: Athugasemdir Varmársamtakanna við tillögu að deiliskipulagi Álafoskvosar 2009.

Í þeirri trú að Varmárvæðið og miðja þess Álafoskvos eigi eftir að skipa veglegan sess í sögu og menningu Mosfellsbæjar, auk þess að hafa alla burði til að laða að sér alþjóðlega athygli vegna nýtingar jarðvarma í þágu húsahtunar og atvinnusköpunar snemma á 20. öld, gera Varmársamtökin eftirfarandi athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi Álafoskvosar 2009.

1. Varmársamtökin gera athugasemd við að búið er að fella út kafla um skipulagsforsendur í tillögu að nýju deiliskipulagi Álafoskvosar, (bls. 3-5). Í greinargerð með nógildandi deiliskipulagi frá 1997 er sögulegt yfirlit (1.1) þar sem sagt er frá einstöku byggingum í gamla ullarverksmiðjuhverfinu við Álafoss og tiltekið að 'Álafoskvos marki merkileg spor í iðnsögu Íslands og sögu Mosfellsbæjar'. Legu svæðisins og náttúrufari (1.2) er einnig lýst og bent á þá einstöku möguleika sem svæðið hefur upp á að bjóða 'til útivistar og annarrar starfsemi'. Í skipulagsforsendum er náttúruminja- og útivistargildi Varmár tíundað og ítrekuð sú stefna Mosfellsbæjar að fossinn Álafoss verði friðlýstur.

Ennfremur er með vísan í staðfest aðalskipulag (1.4) sagt frá því að skipulagið geri ráð fyrir „smáiðnaðar- og listamiðstöð við Álafossveg til frambúðar“. Í nýrri tillögu er þessari forsendu haldið inni en lýsingu á náttúrufari og umfjöllun um gamla ullarverksmiðjuhverfið að mestu sleppt. Að okkar mati hlýtur iðnsögulegt vægi gömlu ullarverksmiðjunnar þó að vera afar mikilvæg skipulagsforsenda fyrir eftirlitsstofnanir og þá sem vinna að breytingum á skipulagi Álafoskvosar í nútíð og framtíð. Varmársamtökin leggja því til að ofangreindar skipulagsforsendur skipi verðugan sess í endurskoðaðri greinargerð.

2. Í skipulagsforsendum og markmiðum deiliskipulags er fjallað sérstaklega um verndun gamla verksmiðjuþorpsins, lífríki og náttúruminjangildi Varmár, trjágróður, friðlýsingu Álafoss o.fl. Mikill missir er af kaflanum um verndun Álafoskvosar í nýrri greinargerð og einnig því markmiði 'að leggja nægjanlegt svæði undir almennt útivistarsvæði í kringum kvosina þannig að að henni verði ekki þrengt með framkvæmdum og yfirbragð umhverfisins haldist'. Varmársamtökin telja miður að útivistargildi Álafoskvosar sé að engu haft í nýrri greinargerð en gamla verksmiðjuþorpið er órjúfanlegur hluti af vinsælu útivistarsvæði sem teygir sig frá Reykjafelli niður með árbökkunum að ósum Varmár. Varmársamtökin leggja til að þessu mikilvæga hlutverki svæðisins verði gerð viðunandi skil í endurskoðaðri greinargerð með skipulaginu.

Í gildandi skipulagi er landslagi kvosarinnar gert mjög hátt undir höfði og sagt að 'Álafoskvos sé einstök fyrir það að heildarmynd svæðisins er varðveitt' og talað um að 'hlíðarnar umhverfis kvosina myndi sterkt landslagsrými'. Ljóst er að vegagerð í tengslum við Helgafellshverfi hefur spillt landslagi kvosarinnar með mjög afgerandi hætti og svipt þorpið því svipmóti og þeirri friðsæld sem þar hefur ríkt frá upphafi. Það er skoðun Varmársamtakanna að hægt hefði verið að forða Álafoskvos frá

slíkum umhverfisspjöllum með raunhæfu mati á umhverfisáhrifum Helgafellsvegur en lega hans leiddi til þess að staðsetja þurfti gatnamót inni í Álafosskvos.

Til að koma í veg fyrir slík mistök í framtíðinni telja Varmársamtökin mikilvægt að lýsingar á landslagi og náttúru svæðisins, ásamt umfjöllun um sögulegt mikilvægi fylgi áfram greinargerð með deiliskipulagi Álafosskvosar.

3. Núgildandi deiliskipulag frá árinu 1997 einkennist af metnaði og skýrri framtíðarsýn um uppbyggingu og skipulag svæðisins. Ljóst er á greinargerðinni að í Álafosskvos átti að byggja upp lista- og smáíðnaðarmiðstöð, ásamt því að skapa fjölnota almenningsrými 'fyrir sýningar, sölutorg, skemmtanir og aðrar uppkomur'. Þessi þróttmikla framkvæmdaáætlun var til þess ætluð að skapa atvinnu og auðga mannlíf í bæjarfélaginu. Hefði þróun svæðisins orðið á þann veg sem í greinargerðinni er lýst hefði Mosfellsbær nú þegar markað sér mikla sérstöðu umfram önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Varmársamtökin telja að til að tryggja að ekki séu gerðar breytingar á umhverfi Álafosskvosar, sem stangast á við þann staðaranda sem fyrir er, þurfi Mosfellsbær að móta skýra stefnu um verndun gamla verksmiðjuhverfins. Sú stefnumótunarvinna kæmi m.a. í veg fyrir að teknar væru skammtímaákvörðanir um einstaka breytingar. Þessu samhliða leggjum við til að uppbyggingu almenningsrýma í Álafosskvos verði flýtt til að búa í haginn fyrir blómstrandi menningu og mannlíf í kvosinni, s.s. útmarkaði, tónleika og aðra viðburði.

Eins og fram kemur í núgildandi greinargerð hefur Álafosskvos ekki einungis gildi fyrir íbúa í kvosinni, heldur iðnsögulegt gildi fyrir þjóðina og reyndar einnig á heimsvísu þegar horft er til nýtingar jarðvarmans og hitaveitunnar snemma á 20. öld. Það er því mikil ábyrgð sem því fylgir að vinna skipulag á svo sögulegu svæði en í því felast einnig miklir möguleikar sem Varmársamtökin telja nauðsynlegt að nýta bæjarfélaginu til framdráttar, s.s. í tengslum við ferðaþjónustu, menningarviðburði og útivist.

4. Varmársamtökin telja ámælisvert að Helgafellsvegur og síðar tengistútur við Álafossvæg skuli báðir hafa verið lagðir án þess að búið væri að ljúka deiliskipulagsferlinu. Einnig hörmum við að Mosfellsbær skuli ekki hafa farið að ráðum íbúa, Umhverfisstofnunar og Varmársamtakanna þess efnis að vinna skipulagstillögurnar samhliða en sú ákvörðun leiddi eftirá til fjárfrekra breytinga á Helgafellsvegi. Ennfremur telja samtökin það vera með öllu ófullnægjandi vinnubrögð að Mosfellsbær láti sér nægja að taka fram á uppdrætti að nánari skipulagsskilmála sé að finna í greinargerð með deiliskipulagi frá árinu 1997, (www.mos.is/Files/Skra_0033576.pdf). Stór hluti af því skipulagi er úreltur og nánast ómögulegt að átta sig á hvert innihald greinargerðar um skipulagið í raun er. Gildandi deiliskipulag frá árinu 1997 er heldur ekki að finna á vef Mosfellsbæjar og kynningin því ófullnægjandi.

Það er von okkar að ofangreind vinnubrögð heyri brátt sögunni til í Mosfellsbæ.

Virðingarfyllst,

f.h. Varmársamtakanna (kt. 560606 1760)

Reykjabyggð 32
270 Mosfellsbæ
S. 866 9376
varmarsamtokin@gmail.com